

Nd. 884. Breytingartillögur [301. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (AS, GHH, BDýr, EH, JK).

Við 4. gr.

1. 4. mgr. a-liðar (30. gr.) orðist svo:

Fyrirtæki, sem hér er átt við, geta verið einstaklingar, félög og aðrir aðilar sem reka sjálfstæða starfsemi og þurfa af brýnni nauðsyn að koma upp íbúðarhúsnæði vegna starfsemi sinnar.

2. Orðin „t.d. með sölu skuldabréfa“ í niðurlagi 1. mgr. e-liðar (34. gr.) falla brott.

3. 6. mgr. j-liðar (39. gr.) orðist svo:

Kaupandi greiðir kaupverðið, sbr. 1.–3. tölul. 3. mgr. þessarar greinar, til framkvæmdaaðila með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, þó að undanskildu 15% láni úr Byggingarsjóði ríkisins er skal gjaldfellt og endurgreitt framkvæmdaaðila á fimm árum á sömu kjörum og gilda um skuldabréfakaup lífeyrissjóða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Framkvæmdaaðili skal sjá um að greiða afborganir af láni eða lánnum Byggingarsjóðs ríkisins þar til afsal er gefið út.